

Skýrsla stjórnar Þeistareykja ehf. fyrir árið 2010

Á árinu 2010 áttu sér stað umtalsverð innbyrðis viðskipti meðal eigenda félagsins með hluti í félaginu. Landsvirkjun keypti að mestu hluti Orkuveitu Húsavíkur ehf. og Þingeyjarsveitar í félaginu. Eigendur eru áfram þrír þ.e. Landsvirkjun sem nú á 96,7% í félaginu, Orkuveita Húsavíkur ehf. með 3,2% hlut og Þingeyjarsveit sem á 0,087% hlut í félaginu. Í lok árs 2009 hafði Landsvirkjun keypt allan hlut Norðurorku hf. í félaginu. Til upprifjunar má geta þess að einkahlutafélagið Þeistareykir var stofnað þann 28. apríl 1999 af Orkuveitu Húsavíkur (40%), Hita- og vatnsveitu Akureyrar (20%), Rafveitu Akureyrar (20%), Aðaldælahreppi (10%) og Reykdælahreppi (10%).

Á síðasta ári voru haldnir sjö stjórnarfundir og einn hluthafafundur auk lögbundins aðalfundar. Töluverðar breytingar urðu í stjórn félagsins á síðasta ári en á aðalfundi félagsins þann 5. maí gengu fulltrúar Norðurorku hf. þeir Franz Árnason og Ásgeir Magnússon úr stjórn. Í þeirra stað komu inn í stjórnina þeir Stefán Pétursson og Einar Mathiesen báðir fulltrúar Landsvirkjunar. Þá var Stefán Pétursson kjörinn formaður stjórnar og Bergur Elías Ágústson til vara.

Á stjórnarfundum þann 3. september gekk Stefán Pétursson úr stjórn félagsins þar sem hann hafði hætt störfum hjá Landsvirkjun. Í stað hans var Einar Mathiesen kjörinn formaður. Þá tók Bjarni Pálsson varamaður sæti í stjórninni.

Á hluthafafundi sem haldinn var þann 8. desember í framhaldi af kaupum Landsvirkjunar á hlutum Orkuveitu Húsavíkur ehf. og Þingeyjarsveit var ákveðið að fækka í stjórn félagsins um tvo, úr sjö í fimm. Þá gengu úr aðalstjórn þeir Jón Helgi Björnsson fulltrúi Orkuveitu Húsavíkur ehf., Bjarni Pálsson og Bjarni Bjarnason, báðir fulltrúar Landsvirkjunar. Þá voru kjörnir tveir nýjir stjórnarmenn þau Ragna Árnadóttir og Óli Grétar Sveinsson. Þá var Einar Mathiesen kjörinn áfram stjórnarformaður og Ragna Árnadóttir til vara.

Markmið Þeistareykja ehf., með rannsóknum og undirbúningsvinnu undangenginna ára, hefur verið að ljúka undirbúningi fyrir virkjun á Þeistareykjum þannig að mögulegt sé að hefja þar framkvæmdir við fyrsta áfanga allt að 45-90 MWe, með skömmum fyrirvara. Slíku markmiði fylgir jafnframt mikil fjárhagsleg skuldbinding af hálfu eigenda félagsins. Nú nemur gjald- og eignfærður kostnaður frá uppafi 2.511 m.kr. á nafnverði eða 3.340 m.kr. sé upphæðin framreiknuð.

Hlutfé félagsins í árslok var 1.036.543.976,- kr. og hafði hækkað um 190 m.kr. frá árslokum 2009. Á framangreindum hluthafafundi í desember var samþykkt að auka hlutfé í félaginu um allt að 1.000 m.kr. og /eða heimila stjórn að taka víkjandi lán hjá Landsvirkjun fengist til þess heimild hjá stjórn móðurfélagsins. *Stjórn Landsvirkjunar samþykkti síðan á fundi sínum þann 22. febrúar sl. að heimila forstjóra félagsins að ganga frá lánasamningi við Þeistareyki ehf. í samráði við stjórn Þeistareykja ehf. að upphæð allt að 1,5 ma kr. Lánið verður veitt í ISK, verðtryggt með einum gjalddaga ásamt vaxtagreiðslu þann 31. desember 2015.* Þar með hefur rekstur félagsins verið tryggður fram á mitt næsta ár sé miðað við fjárhagsáætlun ársins 2011 þ.m.t afborganir af lánum félagsins. Þá skal upplýst að unnið er að því hjá viðskiptabanka félagsins að fá lækkun á höfuðstóli gengistryggðra lána félagsins og reiknað er með að niðurstaða fái á næstu mánuðum.

Á síðasta ári var skrifstofa og heimilisfesti félagsins færð í Laxárstöð ásamt því að bókhald og fjárreiður voru færðar til móðurfélagsins sem mun annast þá þjónustu eftirleiðis. Að auki kaupir félagið af móðurfélaginu ýmsa aðra þjónustu en að mestu snýr hún að kaupum á sérfræðipækkingu og verkefnisstjórn. Starfsmannafjöldi er óbreyttur milli ára en einn starfsmaður er hjá félaginu og er hann með starfsstöð í hér í Laxá.

Á síðasta ári var framhaldið rannsóknum og öðrum framkvæmdum vegna virkjanaundirbúnings. Eignfærður framkvæmdakostnaður á síðasta ári nam 77,7 m.kr. en helstu verkefni síðasta árs voru umhverfismat fyrir virkjunarframkvæmdum allt að 200 MWe að afli en því verkefni lauk 24. nóvember 2010, frágangur á fráveitu borteigs C, þátttaka í kostnaði við uppbyggingu á Reykjaheiðarvegi að Þeistareykjalandi ásamt áframhaldandi undirbúningi og rannsóknum.

Eins og fram hefur komið lauk mati á umhverfisáhrifum virkjunarinnar ásamt sameiginlegu mati á áhrifum Þeistareykjavirkjunar, Kröfluvirkjunar, flutningslínnum Landsnets og álveri á Bakka þann 24. nóvember 2010.

Vinna við umhverfismat fyrir Þeistareykjavirkjun hófst árið 2007 og var áætlað að henni lyki á fyrri helmingi árs 2009. Umhverfisráðherra úrskurðaði hinsvegar þann 31. júlí 2008 að framkvæmdirnar skyldu metnar sameiginlega. Af þessum sökum tafðist umhverfismat virkjunarinnar í um tvö ár, fresta varð fyrirhuguðu framhaldi rannsóknaborana á Þeistareykja-svæðinu 2009-2010. Bókfærður heildarkostnaður Þeistareykja ehf. vegna matsins er um 103

m.kr, þar af er áætlað að kostnaður félagsins vegna sameiginlega matsins sé á bilinu 40-50 m.kr. Matsálit Skipulagsstofnunar varðandi Þeistareykjavirkjun er jákvætt og ekki er talið að það muni auka mikið kostnað við byggingu og rekstur virkjunarinnar. Það atriði sem helst er talið íþyngjandi er að stofnunin telur að skilyrða beri að safnæðarlagnir séu grafnar í jörð á tveimur stöðum.

Á þessu ári er gert ráð fyrir að halda áfram undirbúingi virkjunar á Þeistareykjum. Gert er ráð fyrir að bora eina rannsóknarholu á vestursvæði (á borteig N) með það að markmiði að skjóta styrkari stoðum undir mat á heildar afkastagetu svæðisins. Verkhönnun virkjunarinnar er á lokastigi og er gert ráð fyrir að henni ljúki í lok þessa mánaðar. Unnið er að gerð jarðhitakans og líkur þeirri vinnu væntanlega í vor ásamt endurskoðuðu afkastamati svæðisins. Þá er deiliskipulagsvinna hafin og áætlað að henni ljúki í júlímánuði. Útboðshönnun Þeistareykjavegar nyrðri mun ljúka í lok þessa mánaðar, aðalskipulag Þingeyjarsveitar er nú hjá Skipulagsstofnun til staðfestingar. Að lokum skal það upplýst að á síðasta ári framlengdi Orkustofnun jarðhitarannsóknarleyfi félagsins til 31. desember 2013.

f.h. stjórnar Þeistareykja ehf.

Einar Mathiesen, formaður